


# Hlutabrottnám lunga

Lungun eru tvö og eru samsett úr tveimur lungnablöðum vinstra megin og þremur hægra megin. Helstu ástæður aðgerðar eru æxli, sýking eða blöðrur á lungum. Misjafnt er hve stór hluti lungnanna er fjarlægður. Aðgerðin er oftast gerð með brjóstholssjá (Video Assisted Thoracoscopic Surgery - VATS). Myndavél í brjóstholssjóni er tengd við sjónvarpsskjá og aðgerðin gerð í gegnum 1-3 cm stór göt á brjóstholinu. Í sumum tilfellum er ekki hægt að gera aðgerðina með brjóstholssjá og er þá gerð opin skurðaðgerð. Aðgerðin er gerð í svæfingu. Til að flýta fyrir bata er ákveðnu ferli fylgt sem lýtur að hreyfingu og næringu fyrir og eftir aðgerð.



## Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

## Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna, þar með talið lýsis og Omega 3, viku fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn fjölvítamín og steinefni.

## Næring og hreyfing

Ráðlagt er að byggja líkamann upp fyrir aðgerðina með því að hreyfa sig daglega, borða næringarríkan mat, taka inn fjölvítamín og drekka orku- og próteinríka næringardrykki. Gott næringarástand flýtir fyrir bata og getur minnkað líkur á fylgikvillum aðgerðar.

## Tóbaksnotkun og rafrettur

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Nauðsynlegt er að hætta tóbaksnotkun minnst fjórum vikum fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki fjórar vikur eftir aðgerð. Hægt er að fá aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna. Eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á [www.reyklaus.is](http://www.reyklaus.is).

## Notkun áfengis

Ráðlagt er að draga úr eða hætta neyslu áfengis í fjórar vikur fyrir aðgerð, þar sem það getur haft áhrif á svæfingu og bata eftir skurðaðgerð. Þeir sem telja sig ofnota eða misnota lyf eða áfengi þurfa að hafa samband við innskriftarmiðstöð til frekari upplýsinga og samráðs. Gætt er trúnaðar um slík mál jafnt sem önnur.

## Aðstæður heima

Ef aðstæður heima fyrir eru þannig að þörf er á aðstoð eftir útskrift, er gott að huga að því fyrir eða strax við innlögn. Hjúkrunarfræðingar geta aðstoðað við að fá dvöl á sjúkrahótel, fá heimilishjálp og/eða heimahjúkrun. Einnig er hægt að leita til félagsráðgjafa um það sem snýr að félagslegum réttindum og þjónustu.

## Undirbúningur fyrir aðgerð

Þegar aðgerðardagur nálgast er sjúklingur boðaður í innskrift á innskriftarmiðstöð 10E í kjallara Landspítala við Hringbraut. Æskilegt er að hafa aðstandanda með í innskrift. Hafa þarf með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort. Á innskriftarmiðstöð fer fram viðtal við hjúkrunarfræðing, lækni hjarta- og lungnaskurðeildar og lækni svæfingadeildar. Spurt er um heilsufar, gerð líkamsskoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina. Sjúkrþjálfari afhendir endurhæfingaráætlun sem sjúklingur hefur hjá sér eftir aðgerð og kynnir notkun hennar. Þar koma fram upplýsingar um atriði sem geta flýtt fyrir bata og minnkað hættu á fylgikvillum. Gera þarf ráð fyrir að innskrift taki 3-4 klukkustundir. Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu.

### Rannsóknir

Tekin eru blóðsýni og hjartalínurit. Ef þörf er á er tekin lungnamynd og gert blásturspróf. Aðrar rannsóknir eru framkvæmdar ef aldur eða heilsufar gefa tilefni til.

### Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum, röntgenskuggaefni eða öðru. Svæfingalæknir metur hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

### Kostnaður

Greiða þarf fyrir þjónustu á innskriftarmiðstöð.

## Kvöldið fyrir aðgerð

### Blóðþynningarlyf

Blóðþynningarlyf er gefið með sprautu undir húð kvöldið fyrir aðgerð til að minnka hættu á myndun blóðtappa. Margir kjósa að gefa sér sprautuna sjálfir og fá þá leiðbeiningar um það í innskriftarviðtali.

### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Klukkan 18 kvöldið fyrir aðgerð: Byrja að drekka sérstaka undirbúningsdrykki sem afhentir voru í innskriftarviðtali (alls 800 ml). Fá sér aukabita áður en farið er að sofa.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann. Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Tveimur klukkustundum fyrir komu á spítalann á að drekka sams konar undirbúningsdrykki (alls 400 ml) og kvöldið áður samkvæmt leiðbeiningum.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.

### Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér slopp, þægileg föt, inniskó, afþreyingarefni og heyrnartól fyrir útvarp og sjónvarp. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

## Aðgerðardagur

### Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann og fjarlægja skartgrip, andlitsfarða og naglalakk. Ekki má nota svitalyktareyði eða bera krem á andlit eða líkamann eftir sturtuna.

### Mæting er á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut að morgni aðgerðardags.

Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar. Á deildinni eru afhentir teygusokkar sem þarf að nota fyrir og eftir aðgerð. Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töflumformi sem verka í og eftir aðgerð.

Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg sem er notaður til að gefa vökva, svæfinga- og verkjalyf meðan á aðgerð stendur. Áður en svæft er þarf að anda að sér súrefni í gegnum grímu. Síðan er svæfingalyfi sprautað í æðalegginn. Aðgerðin er gerð í svæfingu og getur tekið 2-3 klukkustundir. Skurðlæknir hefur samband við aðstandanda að aðgerð lokinni sé þess óskað.

## Eftir aðgerð

Eftir aðgerð tekur við dvöl á vöknunardeild þar sem fylgst er náið með líðan sjúklings, síðan fer hann á legudeild. Heimsóknir eru ekki leyfðar á vöknunardeild, en nánasta aðstandanda er velkomið að hringja.

## Verkir

Til að byrja með má búast við verkjum, sérstaklega við öndunaræfingar og hreyfingu. Verkjalyf eru gefin á föstum tímum og eftir þörfum. Sjúklingur metur styrk verkja á verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 gríðarlegir verkir eða verstu hugsanlegu verkir. Mikilvægt er að láta vita um verki svo hægt sé að bregðast við þeim. Markmiðið er að vera vel verkjastilltur, geta hreyft sig með góðu móti og andað djúpt. Hálssærindi geta komið eftir svæfinguna, en þau hverfa jafnan á 1-2 dögum.

- Í aðgerðinni er settur deyfileggur sem liggur að skurðsvæðinu. Staðdeyfilyf eru gefin í sídreypi í deyfilegginn fyrstu dagana eftir aðgerð.
- Í opnum aðgerðum er sett utanbastsdeyfing (deyfing við mænu) til verkjastillingar sem höfð er í aðgerð og fyrstu dagana á eftir.

<b>0</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>6</b>	<b>7</b>	<b>8</b>	<b>9</b>	<b>10</b>
Engir verkir		Vægir verkir		Miðlungs verkir			Miklir verkir			Gríðarlegir verkir

## Öndun

Öndunaræfingar hjálpa til við að losa slím úr lungum. Sjúkraþjálfari veitir leiðbeiningar um djúpöndun og æfingar sem auka blóðrás. Súrefni er gefið fyrsta sólarhringinn eftir aðgerð og eftir þörfum. Teknar eru röntgenmyndir af lungum til að meta ástand lungna. Eðlilegt er að sjá blóð í hráka fyrst eftir aðgerð. Mikilvægt er að láta vita ef mæði eða andþýngsli koma fram.

## Brjóstholsdren

Stundum er sett drenslanga inn í brjósthol til að hleypa út vökva og lofti eftir aðgerðina. Misjafnt er hve lengi slöngurnar þurfa að vera. Til að dren starfi rétt, þarf að fylgja leiðbeiningum starfsfólks deildar um umgengni við drenið. Gæta þarf þess að ekki komi brot á slöngu og að hún sé vandlega fest við húðina. Starfsfólk fylgist reglulega með sögi og virkni drengs. Þegar lungað er gróið er drenið fjarlæggt og sárinu lokað með saumi sem er fjarlægður eftir um sex daga.

## Hreyfing

Hreyfing er mikilvæg eftir aðgerð til að flýta fyrir bata og bæta starfsemi hjarta og lungna. Nauðsynlegt er að nota teygjusokka yfir daginn meðan dvalið er á spítalanum og gera fótaæfingar því það eykur blóðstreymi í fótum og dregur úr hættu á myndun blóðtappa. Sjúkraþjálfari og starfsfólk deildar aðstoða við hreyfingu og framúrferð þar til sjúklingur er sjálfbjarga. Mikilvægt er að fylgja áætlun um endurhæfingu sem afhent var fyrir aðgerð.

## Hjartasíriti

Stundum geta komið fram hjartsláttartruflanir eftir aðgerðina, því er notaður hjartasíriti fyrsta sólarhringinn eftir aðgerð til að fylgjast stöðugt með hjartslætti.

## Þvaglát

Eftir svæfingu getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi. Ef aðgerð er gerð með opnum skurði er settur þvagleggur í aðgerðinni sem yfirleitt er fjarlægður daginn eftir.


## Matur og drykkur

Við komu á legudeild má byrja að borða og drekka. Hvatt er til þess að borða máltíðir í borðstofu deildar. Boðnir eru næringardrykkir sem mikilvægt er að drekka til að byggja upp líkamann eftir aðgerð. Sumir finna fyrir lystarleysi og jafnvel ógleði eftir aðgerð. Mikilvægt er að láta vita svo hægt sé að bregðast við því.

## Skurðsár

Fylgst er með skurðsárum og skipt á umbúðum eftir þörfum. Þjúgur og dofi getur verið á aðgerðarsvæði fyrst um sinn. Einstaklingsbundið er hversu lengi það varir.

- Ef aðgerð er gerð með speglunartækni eru þrjú lítil skurðsár á brjóstakassa þeim megin sem aðgerðin var gerð.
- Ef aðgerð er gerð með opnum skurði er skurðsár staðsett frá baki og fram á síðu.



## Svefn og hvíld

Truflun getur orðið á svefni, sérstaklega fyrstu dagana eftir aðgerð. Verkir, skert hreyfigeta og umhverfisþættir geta haft áhrif á svefn og mikilvægt er að láta vita ef illa gengur að sofa svo hægt sé að bregðast við því.

## Andleg líðan

Búast má við breytingum á andlegri líðan í tengslum við veikindi. Starfsfólk er reiðubúið að ræða við sjúkling og fjölskyldu um líðan þeirra og geta kallað aðra fagaðila til stuðnings ef þörf er á.

## Útskrift

Útskrift er áætluð 2-3 dögum eftir aðgerð með brjóstholssjá en 4-6 dögum eftir opna aðgerð. Ef fylgikvillar koma fram eftir aðgerð getur það lengt sjúkrahúsdvölinu. Helstu fylgikvillar eru loftleki frá lungu, loft undir húð, lungnabólga, blæðing, blóðtappi og hjartsláttaróregla.

### Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá:

- Útskriftarviðtal við hjúkrunarfræðing, lækni og sjúkrapjálfa
- Rafrænan lyfseðil í Lyfjagátt
- Endurkomutíma hjá lækni

## Símanúmer

Göngudeild skurðlækninga 10E (innskrift)	543 2200
Dagdeild 13D, opin virka daga frá klukkan 07 til 19	543 7480
Hjarta- og lungnaskurðeild 12G	543 7310
Vöknunardeild	543 7230

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

# Hlutabrottnám lunga

## Útskriftarfræðsla

### Verkir

Búast má við að finna fyrir verkjum eða óþægindum í allt að sex mánuði eftir aðgerð. Því er eðlilegt að þurfa á verkjalyfjum að halda fyrstu vikurnar eftir útskrift. Sjá fylgiblað um verkjameðferð eftir skurðaðgerð. Lyfseðill er sendur rafrænt í apótek.

### Mataræði

Ekki er nauðsynlegt að breyta fæðuvenjum vegna aðgerðarinnar. Hins vegar er mikilvægt að borða hollan mat og gæta vel að næringu til að byggja upp líkamann. Við lystarleysi getur verið gott að borða oftar en minna í einu. Hægt er að kaupa sérstaka næringardrykki í apótekum. Sumir finna fyrir breyttu bragð- og lyktarskyni eftir aðgerð en það ætti að jafna sig með tímanum. Nauðsynlegt er að taka inn lýsi eða annan D-vítamínjafa sérstaklega yfir vetrartímann. Upplýsingar um næringu má finna á vef Lýðheilsustöðvar; [www.lydheilsustod.is/naering](http://www.lydheilsustod.is/naering).

### Skurðsár

Skurðsárum er lokað með saumi sem eyðist af sjálfu sér. Yfir þeim eru litlir plástrar sem ekki má fjarlægja fyrr en þeir losna sjálfir frá húðinni. Gott er að nota spegil við að skoða sárin en forðast þó alla óþarfa snertingu við skurðsár. Fylgjast þarf með útliti skurðsárs með tilliti til roða, bólgu og vessa. Óhætt er að fara í sturtu sólarhring eftir aðgerð. Ekki er ráðlagt að fara í baðkar, heitan pott eða sund fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð meðan sárin eru að gróa. Skurðsár eru viðkvæm fyrir sterku sólarljósi í allt að 12 mánuði eftir aðgerð. Ef sett var brjóstholdsren þarf að fjarlægja sauminn sex dögum eftir að brjóstholdsren var fjarlægt, á heilsugæslustöð eða í endurkomutíma á göngudeild.

### Þvaglát og hægðir

Ekki ættu að verða breytingar á þvaglátum við aðgerðina. Hægðatregða er algengur fylgikvilli skurðaðgerðar meðal annars vegna verkjalyfjanotkunar og hreyfingarleysis. Mikilvægt er að halda hægðum mjúkum og koma í veg fyrir hægðatregðu. Sjá fylgiblað um verkjameðferð eftir skurðaðgerð.

### Hreyfing

Mikilvægt er að hreyfa sig daglega og eru gönguferðir góður kostur. Regluleg hreyfing eykur þol og styrk, flýtir fyrir bata og eykur vellíðan. Mikilvægt er að byrja rólega, auka hreyfingu eftir getu og finna jafnvægi milli hreyfingu og hvíldar. Búast má við að finna fyrir mæði við hreyfingu. Sjúkraþjálfari veitir leiðbeiningar um ráðlagða hreyfingu og viðeigandi álag eftir útskrift. Forðast þarf áreynslu í 4–6 vikur eftir aðgerð, þyngri heimilisstörf og að lyfta eða bera þunga hluti (yfir 5 kg).

### Ertandi efni

Forðast þarf efni sem valdið geta ertingu í lungum svo sem reyk, loftmengun, lykt af sterkum efnum, og efni frá úðabrusum.

### Kynlíf

Almennt má hefja kynlíf þegar fólk er tilbúið til þess, en varast beinan þrýsting og tog á skurðsvæðið. Líkamlegt og andlegt álag svo sem verkir, mæði, þrekleysi, kvíði og depurð geta haft áhrif á kynlöngun og kyngetu óháð aldri. Kynlíf þarf ekki að krefjast mikillar orkueyðslu og hefur ekki teljandi áhrif á öndun. Álagið er talið sambærilegt við það að ganga rösklega upp stiga. Ef upp koma vandamál er um að gera að ræða það í viðtali við hjúkrunarfræðing göngudeildar.

### Svefn og hvíld

Búast má við þreytu og úthaldsleysi í allt að þrjá mánuði eftir aðgerð. Gott er að ná a.m.k. 6–8 klst. nætursvefni og hvíla sig yfir daginn ef þörf krefur. Góð næring, hreyfing, slökun og verkjameðferð geta dregið úr þreytu.

## Andleg líðan

Eftir aðgerðina er eðlilegt að komi tímabil sem einkennist af þreytu, depurð og kvíða. Því hjálpar oft að tala við sína nánustu og vera óhræddur við að ræða við fagfólk um það sem veldur áhyggjum. Aðferðir eins og tónlist, slökun og hreyfing geta dregið úr andlegri vanlíðan en ef kvíði og drungi verða viðvarandi er um að gera að leita aðstoðar, til dæmis hjá heimilislækni.

- Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins (<http://krabb.is/radgjafarthjonustan>) býður upp á fræðslu, viðtöl, faglega ráðgjöf, sálgæslu, djúpslökun, ýmis námskeið og hagnýtar upplýsingar.
- Ljósíð (<http://ljosid.is/>) er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra. Þar veitir fagfólk aðstoð við að byggja upp líkamlegt og andlegt þrek. Fjölbreytt dagskrá er í boði.

## Bólusetningar

Ráðlagt er að fara í inflúensubólusetningu árlega til að minnka hættu á lungnabólgu sem getur komið upp eftir inflúensu.

## Reykleysi

Það er lífstílsbreyting að hætta að reykja og það er aldrei of seint. Bent er á eftirfarandi vefsíður um reykleysi:

- Lýðheilsustöð: [www.reyklaus.is](http://www.reyklaus.is)
- Rágjöf um reykbindindi: [www.8006030.is](http://www.8006030.is)
- Krabbameinsfélag Reykjavíkur: [www.krabb.is/fraedsla-forvarnir/heilsan-min-mitt-lif/tobaksvarnir/](http://www.krabb.is/fraedsla-forvarnir/heilsan-min-mitt-lif/tobaksvarnir/)

## Vinna

Byrja má að vinna aftur 2-6 vikum eftir aðgerð en það fer eftir eðli starfs og líðan. Þeir sem fá lyfjameðferð eftir aðgerð mega búast við að vera lengur frá vinnu. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma.

### Hafa þarf samband við hjarta- og lungnaskurðeild 12G ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Hiti er hærri en 38,5°C
- Blæðir eða vessar úr skurðsári
- Særindi eru við þvaglát, tíð þvaglát eða illa lyktandi þvag
- Verkir minnka ekki við verkjalyf
- Aukin mæði
- Viðvarandi ógleði eða uppköst
- Verkur eða bjúgur er í kálfa/fæti
- Ofnæmisviðbrögð koma fram (kláði, útbrot, öndunarerfiðleikar)
- Mikill sljóleiki er til staðar eftir töku verkjalyfs

## Eftirlit

Eftirlit hjúkrunarfræðings: Hjúkrunarfræðingur hringir nokkrum dögum eftir aðgerð og kannar líðan. Gott er að skrá niður spurningar sem vakna eftir útskrift og bera þær upp í símtalínu.

Eftirlit læknis: Sjá endurkomutíma sem afhentir eru við útskrift. Ef vefjasýni er tekið í aðgerð og sent í greiningu má búast við svari eftir um sjö daga. Framhaldsmeðferð er ákveðin út frá niðurstöðu.

## Símanúmer

Hjarta- og lungnaskurðeild 12G

543 7310

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

## Verkjameðferð eftir skurðaðgerð

### Verkir

Flestir finna fyrir verkjum eftir skurðaðgerð. Oftast er um að ræða verki sem tengjast skurðsvæði. Mismunandi er hvernig fólk upplifir verki og þarf verkjameðferð að taka mið af reynslu hvers og eins. Mikilvægt er að draga úr verkjum eins og kostur er því verkir geta seinkað bata.

### Verkjalyf

Taka á verkjalyf samkvæmt ráðleggingum. Yfirleitt er heppilegast að taka verkjalyf reglulega yfir daginn. Ekki er æskilegt að bíða eftir því að verkir verði slæmir áður en lyfin eru tekin. Erfiðara er að ná stjórn á verkjum ef þeir verða slæmir. Ef verkir eru enn til staðar þrátt fyrir að verkjalyf séu tekin reglulega má taka verkjalyf til viðbótar samkvæmt ráðleggingum. Smám saman er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar. Ráðlagt er að hætta fyrst töku sterkra verkjalyfja (t.d. tramadol, oxycodone). Síðan er dregið úr töku annarra verkjalyfja. Ef þörf er á lyfseðilsskyldum verkjalyfjum er lyfseðill sendur rafrænt í apótek.

Verkjalyf tekin reglulega:	Viðbótar-verkjalyf:
Lyf:	Lyf:
Skammtur:	Skammtur:
Hversu oft á að taka lyfið?	Hversu oft má taka lyfið?
Lyf:	
Skammtur:	
Hversu oft á að taka lyfið?	

## Algengar aukaverkanir verkjalyfja

Aukaverkanir eru mismunandi eftir lyfjum. Algengt er að finna fyrir hægðatregðu og ýmiss konar óþægindum í maga. Ekki er víst að allir finni fyrir þessum einkennum.

### Hægðatregða

Vinna má gegn hægðatregðu með því að drekka glas af sveskjusafa að morgni, borða gróft kornmeti, grænmeti og þurrkaða ávexti. Einnig er hægt að kaupa trefjahylki eða duft í apóteki eða matvöruverslun. Nauðsynlegt er að drekka um það bil 1,5 lítra af vökva á dag. Hægt er að kaupa hægðalyf án lyfseðils í apóteki.

### Magaóþægindi

Æskilegt er að taka lyfin með glasi af vatni eða máltíð. Fólk sem hefur fengið magasár eða magabólgu þarf að ráðfæra sig við lækni áður en bólgueyðandi verkjalyf eru notuð.

### Slævandi áhrif

Sum verkjalyf skerða aksturshæfni og því má ekki aka bíl á meðan þeirra er þörf.

### Önnur verkjameðferð

Aðferðir sem hafa reynst vel eru slökun, að hlusta á tónlist og dreifa athyglinni. Ekki er æskilegt að nota heita eða kalda bakstra á skurðsár meðan það er að gróa.

Vinsamlegast athugið að sjúkráhusið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkráhusins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.